

Gallon ehf.  
Skútuvogi 1  
104 Reykjavík

Akureyri, 29.11.2023  
UST202307-107/G.S.Á.  
08.06.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 27.10.2023 – Gallon ehf., Reyðarfirði**

Þann 27. október sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Gallons ehf., Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Ábending er sett fram um að bæta þurfi skipulag í rekstrarhandbók skv. gr. 3.3 í starfsleyfi og fjarlægja úrelt öryggisblöð úr öryggismöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri.
2. Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi lagnateikningar í stöðvarhúsi m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lögnum.

### **Tvö frávík komu fram er varða:**

1. Gr. 3.2 og 3.4 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Olía var síðast mæld árið 2018 og átti því að mæla árið 2021. Olía í skilju hafði enn ekki verið mæld er eftirlitið fór fram.
2. Gr. 4.7 í starfsleyfi. Starfsmenn og þjónustuaðilar skulu fá viðeigandi þjálfun. Láðist að kenna nýjum stöðvarstjóra mælingar úr olíuskilju og fara yfir starfsleyfið svo öllum þeim kröfum sem þar koma fram sé fylgt.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. desember 2023.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur